

**Sp. 277. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]**

um rannsókn á því, hvernig jafna megi aðstöðu bænda til ræktunarframkvæmda.

Flm.: Bergþór Finnbogason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 3 manna nefnd til að rannsaka og gera tillögur um, hvernig jafna megi aðstöðu bænda til ræktunarframkvæmda. Nefndin skal skipuð þannig: einn eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, annar eftir tilnefningu nýbýlastjórnar ríkisins og sá þriðji án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Allur nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

Allt frá því á landnámsöld hefur bithaginn, eins og hann kom frá náttúrunnar hendi, verið matarbúr íslenska búfenaðarins og er það að miklu leyti enn í dag. Þó hafa síðustu áratugirnir þokað því nokkuð í aðra átt, og mun nú láta nærri, að mestallt heyfóður sé tekið á ræktuðu landi. En eigi að síður verður þó stærsti hluti búpeningsins enn í dag að leita út í bithagann óræktaðan þann tíma ársins, sem hann er ekki á gjöf.

Það er nú vaknaður almennur áhugi og skilningur á því, að slíkur búrekstur sé ekki lengur æskilegur og þurfi því breyting á að verða til þess að auka framleiðni búanna. Sú krafa verður því stöðugt áleitnari með hverju ári, sem líður, að bóndinn rækti beutiland fyrir búpening sinn. Allmargir bændur hafa nú þegar nokkuð ræktað land til beitar, en það er þó eigi nógu almennt og ekki líklegt, að ræktun stórauðist á næstunni. Þó að nokkur aukning sé árlega, þá er þess að gæta, að búpeningi fjölgar ár frá ári, enda þarf svo að verða í ríkari mæli á komandi árum hjá svo ört vaxandi þjóð. Það er því augljóst, að herða þarf róðurinn og efla þau samtök, sem stuðla að ræktun landsins, og gera þeim einstaklingum hægara um vik, sem erfiðasta hafa aðstöðuna.

Það er hverjum manni ljóst, sem um þessi mál hugsar, að eftir gróðurfari og jarðvegi er landið ákaflega misjafnt til ræktunar.

Við vitum ekki, hvort menn hafa almennt gert sér ljósa grein fyrir því, hve mikill munur getur verið á ræktunarkostnaði á mýrlendi annars vegar og harðvellismóum hins vegar. Við teljum því rétt að sýna hér tölulega, hvernig reynslan í þessum efnum hefur orðið hjá Landnámi ríkisins árið 1961. Þá var ræktunarkostnaður þessi:

Framræst land fyrir utan skurðgröft .....	kr. 11500.00 á ha.
harðvelli og móar .....	— 7510.00 —
melar og sendin jörð .....	— 8016.00 —

Hér munar hvorki meira né minna en nær 4000 kr. á ha., sem þýðir það, að þegar bóndinn í mýrinni ræktar einn ha., getur bóndinn í móunum ræktað rúmlega 1½ ha. fyrir sama fjármagn. Hér hefur að eins verið miðið við framræst land, og er þá ótalinn kostnaðurinn við framræsluna sjálfa. En það er mjög erfitt að ákvarða hann vegna breytilegs rúmmáls skurðanna, sem þurrka landið, en láta mun nærri, að það liggja einhvers staðar á milli 450 og 700 m<sup>3</sup> á ha.

Framræslukostnaður á vegum vélasjóðs mun vera um kr. 5.00 á m<sup>3</sup>. Af þeim

kostnaði er greitt sem styrkur 65%, en 3% af þeirri upphæð renna til vélasjóðs. Er því ekki fjarri lagi, að beinn kostnaður bóndans af framræslunni sé 37%. En við það má svo raunverulega bæta þeim kostnaðarauka, sem fer til þess að dreifa uppmokstrinum úr skurðunum, áður en landið er unnið, og er hann varlega áætlaður jafn kostnaðarhluta bænda í framræslunni, því að ef vel á að vera, þarf að kýfa landið þannig, að hæst beri í miðju, en halli að skurðum, svo að yfirborðsvatnið eigi greiðan gang að þeim. Auk alls þessa, sem nefnt hefur verið, bætist það við, að land það, sem tekið er til þurrkunar, er ekki vinnsluhæft fyrr en eftir langan tíma. Það er því langur aðdragandi að því, að það fjármagn, sem þar er fest, skili arði. Að öllu þessu samanlögðu lætur nærri, að ræktunarkostnaður á framræstu landi sé helmingi hærri en á harðvelli og móum. Er því mjög mikill og greinilegur aðstöðumunur bænda til jarðræktarframkvæmda.

Með flutningi þessarar tillögu til þingsályktunar er ætlað til þess, að ríkisstjórnin skipi 3 manna nefnd, sem rannsaki og geri tillögur um, hvernig jafna megi aðstöðu bænda til jarðræktarframkvæmda. Það vakir þó ekki fyrir flutningsmönnum þessarar tillögu, að skertur sé hlutur þeirra bænda, sem beztar hafa aðstæður til ræktunar, heldur hitt, að hlutur þeirra, sem erfiðari hafa aðstöðu, sé bættur verulega af hálfu hins opinbera frá því, sem nú er.

Það getur alltaf orðið deiluefni, hversu langt eigi að ganga til móts við bændur í ræktunarfremkvæmdum af ríkisins hálfu. En það er þó staðreynd, sem ekki má líta fram hjá, að sú kynslóð, sem nú fæst við ræktun jarðarinnar, skilar henni margfalt verðmætari til næstu kynslóðar, og þess vegna stendur öll þjóðin í mikilli þakkarskuld við þá bændur, sem nú brjóta nýtt land til ræktunar.

Það kann að vera, að í náinni framtíð verði farið inn á nýjar brautir og reynt að framleiða fóður í stórum stíl á þeim stöðum, þar sem ræktunarskilyrði eru bezt. En til þess að góður árangur megi nást í því, verður framleiðslukostnaður að vera mjög hagstæður, og finna verður ráð til þess að þjappa fóðrinu saman að minnsta kosti um 50%. Þó að lítils háttar sé byrjað á slíkum tilraunum, er langur tími, þar til þær leysa fóðurbörfina að verulegum hluta.

Þó að ræktunarkostnaður hafi farið stöðugt hækkandi síðustu árin, hafa bændur reynt eftir megni að færa út túnin, en eigi að síður eru þó alvarleg teikn á lofti, þegar litið er til framræslunnar.

Árið 1960 voru grafnir á vegum vélasjóðs 3.3 millj. m<sup>3</sup>, en síðastliðið ár aðeins 2.8 millj. og hefði farið niður í 1.8 millj. m<sup>3</sup>, ef vélasjóður hefði ekki gert sérstakar ráðstafanir til að halda uppi þessum framkvæmdum. Þetta er mikið fall frá því, er mest var grafið, en þá voru grafnir 4 millj. m<sup>3</sup>.

Ef þessi þróun heldur áfram, er hætt við, að komi til stöðnunar í ræktunarfremkvæmdum innan tíðar, þar sem landið þarf alllangan tíma til að þorna, áður en því er bylt. Það er þjóðarnauðsyn, að komið sé í veg fyrir slíkt með skjóttum aðgerðum, svo að landbúnaðurinn geti tekið við sínum hluta af fjölgun þjóðarinnar til aukins öryggis og jafnvægis fyrir þjóðina í heild.